

Reglugjörð

16
17. mars

fyrir forðagæslumenn í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Þegar forðagæslumaður er kosinn, skal hann afla sjer nægra upplýsinga um stærð heyhúsa í teningsmetrum, á forðagæslusvæði því, er hann hefir til umsjónar.

2. gr.

Forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem honum hefir verið falið til umsjónar, í fyrra sinni í byrjun nóvembermánaðar og síðara sinni frá 1. apríl til vetrarloka, eftir tíð og ástandum. Þar að auki skal hann, svo oft sem nauðsynlegt er, gera aukaferðir á heimili, er líkur eru til að lendi í þröng, (samanber lög nr. 44, 10. nóv. 1913).

3. gr.

Í nóvember skal forðagæslumaður athuga vandlega heybirgðir og aðrar fóðurbirgðir, ásamt húsrúmi fyrir búpening, og gefa leiðbeiningar um hve mikinn fjenað megi setja á þær fóðurbirgðir, sem til eru. Í aprilmánuði skal forðagæslumaður kynna sjer fóðurbirgðir hjá hverjum búanda og ástand búpenings, og gera áætlun um fyrningar á fóðurbirgðum. Loks skal forðagæslumaður á vorin, með fyrirspurnum og eftirgrenslan, kynna sjer fyrningar og skepnuhöld á hverju heimili.

4. gr.

Eftir hverja skoðun skal forðagæslumaður gjöra hlutaðeigandi hreppsnefnd ljóst ástandið í hreppnum og senda henni tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir og hveðrar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

5. gr.

Á hverju vori skal forðagæslumaður gefa hverjum búanda vitnisburð um meðferð og útlit búpenings, ásamt húsakynnum, og rita hann í skoðunarbók sína (sbr. 5. og 9. gr. laga, nr. 44, 10. nóv. 1913).

6. gr.

Forðagæslumenn skulu í hvers árs fardögum senda sýslumanni aðal-skýrslu um það fardagaár, sem þá er á enda, samkvæmt forðagæslubók hreppsins.

7. gr.

Á næstu vorhreppsskilum eða öðrum almennum sveitafundi skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslubók hreppsins alt, er í hana hefir verið ritað frá síðustu hausthreppsskilum. Skal hann hafa jafnan í hana ritað allar skýrslur um skoðunargjörðir sínar á fardagaárinu.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóv. 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 17. mars 1915.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.